

akstur framkvæmdi ákærði, enda þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfisréttindum í 4 mánuði hinn 13. nóvember s.l.

Þetta brot ákærða telst varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, greiði 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal ákærði sæta varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1968.

Nr. 65/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Péttri Ólafi Pálssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Hjaltonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. marz 1968.

Ár 1968, föstudaginn 15. marz, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bárugötu 15 af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp svolátandi dómur í sakadómsmálinu nr. 51/1968: Ákærvaldið gegn Pétri Ólafi Pálssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða „fyrir að hafa þriðjudaginn 23. janúar 1968, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni V 482 um götur í Vestmannaeyjum, m. a. austur Hásteinsveg og suður Boðaslóð.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Búðum, Fáskrúðsfirði, hinn 3. nóvember 1927. Hann hefur sætt kærum og refsingum, eins og nú skal greina:

„Í Vestmannaeyjum:

- | | |
|------------|---|
| 1956 | Kærður fyrir brot á 142., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 5. 9. 1956. |
| 1956 9/10 | Dómur: 1.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 19/4 1956 fyrir brot á 3. mgr. 24. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga. |
| 1966 28/1 | Áminning fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. |
| 1967 13/11 | Sátt, 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 13. 11. 1967. |
| 1967 20/11 | Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. |

1968 17/1 Dómur: 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga“.

Málavextir eru þeir, að Þorvaldur Helgi Benediktsson lögreglu-
maður sá ákærða aka bifreið sinni, V 482, austur Hásteinsveg og
síðan suður Boðaslóð þriðjudaginn 23. janúar s.l. Nefndur lög-
reglumaður hefur unnið eið að framburði sínum, enda hefur
ákærði ekki mótmælt þessum framburði. Þennan akstur fram-
kvæmdi ákærði, enda þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfi í
4 mánuði frá 13. nóvember 1967.

Þetta brot ákærða telst varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr.
umferðarlaga nr. 26/1958.

Þar sem hér er um að ræða ítrekunarbrott, þykir refsing ákærða
hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, skal sæta varðhaldi í 45
daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1968.

Nr. 89/1968. **Kristmann Þ. Einarsson**
 gegn
Sigurði Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
kæru 16. apríl 1968, sem barst dóminum 30. s. m. og er
fram komin innan lögmæts kærufrests, miðað við vitneskju
umboðsmanns sóknaraðilja um uppsögu héraðsdóms, sbr.